



Valgreinar á unglingastigi veturinn 2016 – 2017



Lýsingar á valgreinum á unglingastigi 2016 – 2017



Badminton

Kennari: Páll Þorgeir Pálsson

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- Fáa að njóta sín í hreyfingu.
- Kynnist undirstöðuatriðum í badminton.
- Læri reglur leiksins, bæði í einliða- og tvíliðaleik.

Kennslutilhögun

Áhersla er lögð á að nemendur hafi gagn og gaman af. Farið verður í ýmsar æfingar og þrautir tengdar íþróttinni til að öðlast frekari færni. Stefnt er að því að fá leiðsögn frá reyndum badmintonþjálfara. Í lok námskeiðsins verður mót í einliða- og/eða tvíliðaleik.

Námsmat byggist á ástundun, framförum og hegðun.

Bakstur - seinni lota

Kennari: Olga Ellen Einarsdóttir

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- Fáa að kynna brauðmenningu hinna ýmsu þjóða.
- Baki brauðmeti frá ýmsum löndum.
- Lesi uppskriftir og fylgi leiðbeiningum.
- Leiti leiða til að gera eftirrétti og kökur hollari.
- Auki þekkingu sína í næringarfræði.
- Fáa tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafl sitt.
- Þjálfist í að taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjá afrakstur af vali sínu.

Kennslutilhögun

Nemendur vinna saman að margs konar bakstursaðferðum. Verkefni valin í samráði við kennara. Skoðuð er saga nokkurra uppskrifta og hráefna. Nemendur kynna sér og vinna eftir uppskriftum sem innihalda ekki sykurlaugar, ger og hvítt hveiti. Viðfangsefni geta verið mismunandi eftir tímabilu.

Námsmat byggir á ástundun, samvinnu, sjálfstæði og virkni nemenda í tímum.



Boltagreinar

Kennari: Tryggvi Jóhann Heimisson

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- Kynnist ýmiskonar boltaleikjum.
- Efli líkamsþroska og áhuga á íþróttaiðkun.
- Stundi íþróttir sér til heilsubótar og lífsfyllingar.

Kennslutilhögun

Farið er í fótbolta, blak, körfubolta, handbolta, hafnarbolta, bandý, ýmsa boltaleiki og margt fleira. Mikil fjölbreytni er í tímunum og með því móti er kennslan áhrifameiri, líflegri og skemmtilegri.

Námsmat byggist á ástundun, framförum og hegðun.

Borðtennis

Kennari: Páll Þorgeir Pálsson

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- Fái tækifæri til að auka þekkingu og kunnáttu í borðtennis.
- Auki hreyfifærni.
- Kynnist þeim borðtennisreglum sem í gildi eru.

Kennslutilhögun

Kennslustundir eru verklegar þar sem nemendur spila borðtennis og læra leikreglur, grunnatriði í tækni og leikskipulag. Þeir æfast í að spila við ólíka andstæðinga, taka tillit til annarra og taka þátt í keppni.

Námsmat felst í virkni og áhuga nemenda í kennslustundum.



Forritun

Kennari: Hans Rúnar Snorrason

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- Fá tækifæri til að kynna sér forritun.
- Læri grunnatriði forritunar.
- Séu frumlegir í hugsun og sýni áhuga á að skapa.

Kennslutilhögun

Athyglinni er aðallega beint að hefðbundnum forritunargrunni sem nýtist við ýmiskonar vinnu, svo sem tölvuleiki, hönnun og aðra grafík. Einnig er skoðað hvernig ákveðin forrit virka og athugað hvað þarf til að búa þau til.

Námsmat felst í virkni og áhuga nemenda í kennslustundum.

Gerðu það sem þig langar til

Kennari: Hafdís Unnsteinsdóttir

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- Fá tækifæri til að kynnast fjölbreyttri listsköpun.
- Komi með hugmyndir að verkefnum og útfærslu á þeim.
- Kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum.
- Fá tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafl sitt.
- Þjálfist í að taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjá afrakstur af vali sínu.

Kennslutilhögun

Hlustað verður eftir þörfum og óskum nemenda og leitast við að koma til móts við áhugasvið þeirra. Áherslur og viðfangsefni geta verið mismunandi milli tímabila.

Námsmat byggir á frumkvæði nemenda og virkni í tímum.



Hljómsveit

Kennari: Brynjólfur Brynjólfsson

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- Geti leikið á hljóðfæri.
- Læri framkomu og öðlist þjálfun við flutning tónlistar.
- Læri að nota helstu tól og tæki tengd tónlistarflutningi, t.d. magnara, hljóðkerfi, mixer og hljóðnema.
- Læri að vinna með öðrum og taka lýðræðislegar ákvarðanir.

Kennslutilhögun

Áfanginn er ætlaður þeim nemendum sem hafa lært á hljóðfræði eða verið í söngnámi. Nemendur fá tækifæri til að læra og flytja tónlist úr ýmsum áttum sem þau velja sjálf. Tónlistin er valin í samráði við kennara. Markmiðið er að búa til hljómsveit sem getur flutt tónlist við valin tækifæri í skólastarfi og jafnvel komið fram á vegum skólans.

Námsmat byggir á ástundun, samvinnu, sjálfstæði og virkni nemenda í tímum.

Hönnun og handverk

Kennari: Katrín Úlfarsdóttir

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- Vinni með mismunandi aðferðir, s.s. vélsaum, útsaum, þrykk, þrjón, hekl ofl.
- Geti nýtt sér einfaldar uppskriftir.
- Fái innsýn í hönnunarferli.
- Kynnist möguleikum endurnýtingar.

Kennslutilhögun

Unnin eru ýmis verkefni kynnt af kennara og valin í samráði við nemendur þar sem blandað er saman mismunandi tækni og aðferðum.

Námsmat byggir á ástundun í tímum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.



Kvikmyndagerð

Kennari: Hans Rúnar Snorrason

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- Kynnist og læri að nota ýmis forrit til kvikmyndagerðar.
- Kynnist því hvaða vinna liggur að baki því að gera kvikmynd.

Kennslutilhögun

Fjölbreytt verkefni eru unnin þar sem nemendur æfa myndatöku, hljóðblöndun og myndvinnslu og nota þekkingu sína jafnóðum í viðfangsefnum sínum.

Mikið er um hópvinnu þar sem mikilvægt er að nemendur vinni vel saman.

Námsmat byggir á ástundun í tímum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Leikir og líkamsrækt

Kennari: Tryggvi Jóhann Heimisson

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- Kynnist líkams- og heilsurækt.
- Kynnist fjölbreyttum leikjum.
- Þjálfri þol og þrek.
- Fá tilfinningu fyrir mikilvægi þess að hreyfing er hluti af heilsusamlegum lífsstíl.

Kennslutilhögun

Boðið verður upp á fjölbreytta tíma og nemendur eru hvattir til að setja sér markmið varðandi líkamsrækt og setja upp æfingaáætlanir.

Námsmat byggist á ástundun, framförum og hegðun.



Lego

Kennari: Óðinn Ásgeirsson

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- Geti byggt Lego Mindstorm vélmenni eftir fyrirfram gefnum leiðbeiningum.
- Þjálfist í forritun.
- Þjálfist í lausnaleit.
- Sýni frumkvæði og sjálfstæði.

Kennslutilhögun

Unnið er með Lego Mindstorm í hópvinnu. Nemendur byggja og forrita vélmenni sem þurfa að leysa ákveðin verkefni. Nemendur fá nokkuð frjálsar hendur í kennslustundum og þurfa að sýna frumkvæði, þolinmæði og sjálfstæði.

Námsmat byggir á ástundun í tímum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Matreiðsla - fyrri lota

Kennari: Olga Ellen Einarsdóttir

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- Kynnist matargerð og menningu framandi landa.
- Læri að elda mat eftir hinum ýmsu aðferðum og hefðum annarra landa.
- Auki við þekkingu sína í næringarfræði.
- Fáí tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafl sitt.
- Þjálfist í að taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjá afrakstur af vali sínu.

Kennslutilhögun

Nemendur vinna saman að matargerð þar sem útbúnir verða ýmsir aðal-, for- og/eða eftirréttir. Samráð er haft við nemendur um sum verkefni. Viðfangsefni eru mismunandi eftir tímabilum s.s. jólum og páskum.

Námsmat byggir á ástundun, samvinnu, sjálfstæði og virkni nemenda í tímum.



Málun, teikning og grafík

Kennari: Einar Gíslason

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- Fáa aukna þjálfun í málun og teikningu.
- Kynnist dúk- og tréristu og grafík.
- Kynnist skissugerð og þróun hugmynda

Kennslutilhögun

Nemendur vinna með hugmyndir sínar, gera skissur og mismunandi útgáfur og lausnir í ólíkum myndverkum. Unnið er með olíu- og vatnsliti. Áhersla er lögð á sjálfstæði og áhuga.

Námsmat byggir á verkum nemanda, vinnusemi, hugmyndaauðgi, umgengni, skipulagi o.fl.

Námsaðstoð

Kennari: XX

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- Læri að skipuleggja nám sitt.
- Fáa tækifæri til að vinna verkefni sem sett eru fyrir til heimanáms.
- Læri að forgangsraða verkefnum ásamt því að vinna sem einstaklingar og í hóp.

Kennslutilhögun

Í námsaðstoð fá nemendur tækifæri til að vinna verkefni undir stjórn og leiðsögn kennara. Þetta geta verið sérstök heimavinnublöð, áætlunarvinna í öllum fögum, ritgerðarvinna, prófundirbúningur eða annað. Kennari aðstoðar einnig við ýmsa efnisþætti í bóklega náminu og ráðleggur rétt vinnubrögð.

Námsmat byggist á ástundun og hegðun.



Skartgripagerð

Kennari: Hafdís Unnsteinsdóttir

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- Hanni og búi til skartgripi og aðra smáhluti.
- Velji efnivið og útfæri verkefni sín sjálfir.
- Fái tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafl sitt.
- Þjálfist í að taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjá afrakstur af vali sínu.

Kennslutilhögun

Í skartgripagerð er lögð áhersla á að nemendur fái notið sköpunargáfu sinnar og sköpunargleði og noti til þess mismunandi efni og aðferðir. Unnið er úr er með leir, perlur og bein.

Námsmat byggir á ástundun í tímum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Smíðar

Kennari: Guðrún Hallfríður Bjarnadóttir

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- Velji aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýni rétta og ábyrga notkun verkfæra.
- Vinni eftir hönnunarferli þar sem gengið er út frá ákveðinni meginhugmynd.
- Læri að teikna upp lausnir.
- Geti hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu.
- Geri sér grein fyrir því hvort og hvernig hægt er að nýta efnivið úr skóginum við gerð ýmissa hluta.

Kennslutilhögun

Lögð er áhersla á að nemendur hafi nokkuð frjálst val á verkefnum og mikil áhersla er lögð á að nemendur efla sjálfstæði sitt við mótun hugmynda sinna. Mikil áhersla er lögð á að vinna með efnivið úr skóginum og að gera að einhverju leyti hluti sem nýta má í Aldísarlundi. Vinnan fer að mestu fram í skóginum þannig að nemendur þurfa að vera klæddir til útiveru.

Námsmat byggir á ástundun, samvinnu, sjálfstæði og virkni nemenda í tímum.



Söngur og sviðsframkoma

Kennarar: María Gunnarsdóttir og Auðurún Aðalsteinsdóttir

2 kennslustundir á viku

Markmið

Nemendur læra að setja sig í spor annarra og takast á við ímyndaðar aðstæður. Með leikrænni tjáningu öðlast nemendur aukinn sjálfsskilning og bætt sjálfsmat. Hinar sértæku aðferðir greinarinnar auðvelda nemendum að yfirvinna tilfinningalegar og líkamlegar hömlur og þróa sjálfstraust í daglegum samskiptum. Í leiklist og leikrænni tjáningu taka nemendur þátt í skipulagðri og markvissri samvinnu og það eflir félagsþroska þeirra.

Kennslutilhögun

Verkefni felast í sköpun, túlkun og tjáningu.

Nemendur:

- Spinna senur í hópvinnu með stigvaxandi öryggi og sjálfstæði.
- Leika ýmsa leiki sem tengjast leikrænni tjáningu.
- Nota tal - og söngródd.
- Nota líkamann til túlkunar.
- Flytja texta áheyrilega fyrir framan áheyrendur.
- Koma fram og tjá eigin skoðanir.
- Flytja leikþætti og leiklesa hlutverk.

Stefnt er að því að sýna afrakstur t.d. á samverustundum, hátíðarkvöldverðum o.fl. Námsmat byggir á ástundun, samvinnu, sjálfstæði og virkni nemenda í tímum.

Teikning/pappír og bókagerð

Kennari: Einar Gíslason

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- Geti endurunnið pappír.
- Útbúi sína eigin bók úr pappír sem þeir hafa sjálfir búið til.
- Þjálfist í teikningu þar sem unnið er sérstaklega með skyggingar.

Kennslutilhögun

Nemendur vinna sjálfstæð verk með leiðsögn kennara. Í teikningu er unnið með kol og krít og hlutateikning er viðfangsefni. Áhersla er lögð á sjálfstæði.

Námsmat byggir á verkum nemanda, vinnusemi, hugmyndaauðgi, umgengni, skipulagi o.fl.



Textílmennt - vélsaumur

Kennari: Katrín Úlfarsdóttir

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- Auki sjálfstæði og færni í verklegri vinnu á saumavél.
- Geti unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf.
- Beiti fjölbreyttum aðferðum og áhöldum.
- Saumi a.m.k eina flík á sjálfa sig.

Kennslutilhögun

Nemendur sauma flík á sig t.d. buxur, peysu, náttbuxur, kjól eða pils. Verkefni og efni valið í samráði við kennara.

Námsmat byggir á ástundun í tímum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Tilraunir

Kennari: Óðinn Ásgeirsson

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- Læri að fylgja ákveðnu ferli við gerð tilrauna.
- Auki vísindalega þekkingu sína með tilraunum.
- Setji fram tilgátur og afsanni þær eða staðfesti.

Kennslutilhögun

Gerðar eru fjölbreyttar tilraunir þar sem hin ýmsu efni eru notuð. Áhersla er lögð á að nemendur fari gætilega og læri að umgangast efnin og áhöld að varúð og skynsemi. Nemendur þurfa að sýna frumkvæði og sjálfstæði við val og framkvæmd tilrauna.

Námsmat byggir á ástundun í tímum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.



Tölvustudd hönnun

Kennari: Hans Rúnar Snorrason

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur:

- Læri að hanna í tölvum eitthvað sem verður að raunverulegum hlutum.

Kennslutilhögun

Í þessum áfanga læra nemendur á forritin Inkscape og Sketchup sem notað eru til þess að teikna hluti til útprentunar í laser- eða þrívíddarprentara. Markmiðið er að geta hannað og skapað hluti með hjálp tölvutækninnar.

Námsmat byggir á ástundun í tímum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Valgreinar utan skóla

Nemendur eiga þess kost að fá félagsstarf, vinnu við sveitastörf eða nám utan skólans metið sem eina valgrein. Til að hægt sé að meta það þarf að liggja að baki 1 - 4 klukkustunda iðkun á viku. Í lok hverrar annar þarf að skila staðfestingu þjálfara, kennara eða vinnuveitanda um ástundun á sérstöku eyðublaði sem skólinn leggur til. Nemendur og foreldrar bera fulla ábyrgð á þessum skilum til að starfið fáið metið. Foreldrar bera allan kostnað af námi utan skólans.

Íþróttæfingar.

Þeir sem stunda reglulegar æfingar hjá viðurkenndum íþróttafélögum geta fengið þær metnar til einnar valgreinar enda skili þeir í lok annar skriflegri viðurkenningu frá þjálfara bæði um æfingar og ástundun.

Myndlistar-og tónlistarnám.

Þeir nemendur sem eru í myndlistar-eða tónlistarnámi allan veturinn geta fengið nám sitt metið sem eina valgrein enda skili þeir staðfestingu í lok annar.

Hugsanlegt er að fá annað nám eða þátttöku í félagsstarfi metið sem valgrein t.d. björgunarsveit o.fl. og þarf að sækja sérstaklega um það.